

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Hvítárbraut 43 og 43a í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt deiliskipulag við Hvítárbraut 43 og 43a í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið nær yfir tvær frístundalóðir, lóð nr. 43 sem er byggð og lóð nr. 43a þar sem gert er ráð fyrir frístundahúsi.

Deiliskipulag þetta sem auglýst er með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 13. febrúar 2004.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Reykjanesbæ.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir umdæmi Reykjanesbæjar.

2. gr.

Með almannafæri er átt við götur og svæði, ætluð til almenninga, og eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, íþróttamannvirki, verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn, bryggjur o. fl.

3. gr.

Almenningi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur.

4. gr.

Á almannafæri má eigi viðhafa háttsemi, sem truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum. Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmi-lega háttsemi.

5. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun tækja og annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi hávaða, ónæði eða truflun. Bannað er að hafast nokkuð að sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

6. gr.

Húseigendur eða umráðamenn húseigna skulu halda tilheyrandi gangstígum, stéttum og tröppum hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er, svo og hreinsa snjó af húspökum og fjarlægja grýlukerti, sem valdið geta hættu fyrir vegfarendur. Gluggapvott má ekki framkvæma nema í frostlausu veðri, ef þvotturinn veldur rennsli á gangstétt eða götu.